

Sp.

854. Þingsályktun

um skýrslugerð um opinbera sjóði.

(Afgreidd frá Sp. 29. maí).

Alþingi leggur fyrir fjármálaráðherra að fela hagstofunni að safna til og gefa út, þegar á þessu ári, fullkomna skýrslu um hverskonar opinbera sjóði, hvort sem þeir eru í umsjá ríkis, bæjar-, sýslu- eða sveitarfélaga, opinberra stofnana eða annara. Skal í skýrslunni greint frá stofnun hvers sjóðs og tilgangi, stofnendum og forráðamönnum, upphaflegri eign, hvar og hvernig fé sjóðsins hefir verið ávaxtað, hvernig því hefir verið varið og loks, hverjar eignirnar eru og hvernig þeim er ráðstafað þegar skýrslan er gerð.